



Til bæjarráðs

Kópavogi, 26. apríl 2021
2103754/511.01 GGG

Efni: Dalvegur 1, nýr áfangastaður í Kópavogsdal. Umsögn.

Á fundi bæjarráðs 25. mars 2021 var til umfjöllunar erindi Vestbyggðar ehf. og Reynis bakara ehf. dags. 18. mars 2021. Bæjarráð samþykkti að vísa erindinu til umsagnar sviðsstjóra umhverfissviðs.

Í erindinu kemur fram að haldinn hafi verið fundur 10. mars sl. með bæjarstjóra, þar sem hugmyndir voru reifaðar.

Skv. erindinu hafa verið unnar frumtillögur að veitingahúsi á lóðinni og fylgja því myndir til skýringa.

Á lóðinni er starfsemi Sorpu bs. Fyrir liggur að starfsemin á lóðinni leggist af. Ekki liggur fyrir dagsetning brotthvarfs Sorpu.

Komi til þess að heimiluð verði önnur nýting, þarf að aðlagða aðal- og deiliskipulag framtíðarnýtingu lóðarinnar.

Því er ekki tímabært nú að taka ákvörðun um ráðstöfun lóðarinnar eftir að starfsemi Sorpu bs. lýkur.

Virðingarfyllst,

Ásthildur Helgadóttir
sviðsstjóri umhverfissviðs